

## AÐSENDAR GREINAR

# Óvanaleg viðbrögð við fræðigrein

AÐ UNDANFÖRNU hafa geisað miklar umræður og blaðaskrif vegna greinar sem undirrituð skrif að ásamt dr. Sigríði Dúnu Kristmundsdóttur mannfraeðingi og birt var í tímaritinu *The European Journal of Women's Studies*, 2. árg. 2. tbl. maí 1995. Það er ánægjulegt begar fræðigrein sem birtist í fagtímaritin nær athygli helstu fjölmála landsins. En því miður spratt at-hygin að þessu sinni ekki upp af fræðilegum áhuga, heldur beindist umræðan fyrst og fremst að persónu Sigríðar Dúnu og hæfni hennar, og þar með minnar, sem fræðimanns.

### Ritrýnd grein

Vegna þessara óréttmætu ummæla finnst mér rétt að ég geri grein fyrir aðdragandanum, sem leiddi til samvinnu okkar Sigríðar Dúnu. Ég átti í upphafi hugmyndina að greininni og fékk Sigríði Dúnu til liðs við mig bæði vegna hæfni hennar sem fræðimanns og vegna langrar og margbrotinnar reynslu hennar innan Kvennalists. Hún hafði sem fræðimaður strax mikinn áhuga á samstarfinu, en vildi alls ekki gera persónulega reynslu sína að aðalatriði. Reyndin varð líka sú, að hennar reynsla varð bara eitt dæmi af fjórum, sem vitnað er til í greininni og hefði oftígreinarnar ekki breyst þótt því hefði verið sleppt. Ég hélj því ból til streitu að við vitnuðum til reynslu hennar. Eins og Sigríður Dúna hefur þegar bent á var það vegna þess að það er eina skjalfesta dæmið og einmitt þess vegna var ekki hægt að sleppa því, að mínu mati.

Greinin birtist í virtu evrópsku kvennafræðitímariti og var hún ritrýnd. Það býðir að a.m.k. þríf fræðimenn lásu greinina og dæmdu hvort hún væri sem fræðigrein hæf til birtingar. Hér er um erlenda fræðimenn að ræða, sem ekki eru mótaðir af íslensku pólitísku dægurprasi, heldur af faglegri bekkingu. Þeir voru sammála frá upphafi um að greinin stæðist fræðilegar kröfur og væri mikilvægt framlag til hinna alþjóðlegu umræðu um eðlis-hyggu og feminismu. Samþykktu þeir greinina nær óbreytta. Það má hæta við að aðeins brot af þeim

greinum sem berast til þessa tímarits eru samþykktar til birtingar.

### Pjóðfrelsisbaráttá og ástandskonur

Eins og sumum lesendum er kunnugt, hef ég lengi unnið við rannsóknir á viðbrögðum og umræðu Íslendinga um íslenskar konur sem áttu í ástarsamböndum við bandarísku hermenn á stríðsárunum. Í rannsóknum mínum leitaði ég skýringa á hinum sterku og neikvæðu viðbrögðum og hinum brálátu um og hinum brálátu um samband íslenskra kvenna og erlenda hermanni.

Rannsóknir mínar leiddu í ljós að þessi sterku viðbrögð mátti ekki aðeins rekja til öfundar íslenskra karlmannna eða fordóma í garð útlendinga. Orsakirnar lágu dýpra. Þær voru náttengdar hugmyndum þjóðernishugsuða um hina hreinu, sterku og algóðu íslensku móður, sem talin var uppsprettu andrikis og pólitískis valds Íslendinga, og þá fyrst og fremst íslenskra karlmannna.

Í doktorsritgerð minni „Nationalism, Gender and the Contemporary Icelandic Women's Movement“ (1992), færí ég rök fyrir því að átaknraenán hátt hafi sjálfstæðisbaráttá Íslendinga verið upprent sóna gegn Danakonungi, „föðurnum“, með fulltingi móðurinnar. Íslendingar réttlættu kröfur sínar um sjálfstæði þjóðarinnar á þeim forsendum að þeir ættu sér einstaka móður. Móðirin var landið sjálf, menning þess, saga og tunga. Hún var uppsprettu íslensks þjóðernis, íslenskrar karlmannsku og valda. Móðirin var því átaknraenán hátt miðlæg í örðræðu þjóðernishugsuða, og voru hugmyndir um hana síðan yfirferðar á íslenskar konur.

Ímyndin um hina hreinu konu og móður hefur, eins og ég hef leitt rök að annars staðar, mjög tvíbent áhrif á stöðu kvenna. Hún getur leitt til frelsis og valda. Eins og Sigríður Dúna segir í doktorsritgerð sinni „Doing and Becoming: Women's Movements and Women's Per-

sonhood in Iceland 1870–1990“ (1990) nýttist íslenskum konum þessi hugmynd vel í baráttunni fyrir kosningarétti kvenna í upphafi þessarar aldar. Æn þessi ímynd getur einnig leitt til kúgunar. Kúgunarmáttur þessarar hugmyndar kemur einkum fram begar hegðun kvenna brytur í, bága við hina réttmætu hegðun hinnar hreinu, góðu konu og móður. Það gerðist einmitt á stríðsárunum. Með ástarsamböndum

sínum við erlenda hermenn óhreinkuðu íslenskar konur í senn líkama og sál hinnar hreinu móður og grófu þar með á táknaenán hátt undan karlmannsku íslenskra karlmannna og um leið sjálfstæði íslensku þjóðarinnar.

### Kvennalistinn og hin þjóðlega móðir

Ég var frá upphafi mikil stuðningskona Kvennalists og í byrjun efaðist ég ekki um ágæti hugmyndarinnar um hina góðu konu og móður og um mátt hennar til að bæta stöðu kvenna og íslensks samfélags í heild. Ég var ekki ein um það. Fylgi Kvennalists frá byrjun spratt einmitt upp af þessum hugmyndum. Þær hrifur ekki aðeins konur eins og mig, heldur og margar karlmanni, sem voru orðnir langbreyttir á spillingu karlaflokkanna.

Það var síðan í gegnum rannsóknir mínar að ég gerði mér smátt og smátt grein fyrir skyldleika hugmynda Kvennalists um hina góðu konu og móður og hugmynda íslenskra þjóðernishugsuða um hina þjóðlegu móður. Mér varð ljóst að kvennalistakonur sóttu ekki aðeins hugmyndir sínar og styrk í nýjar og róttækar kvenfrelshugmyndir erlendis frá, heldur og til hinna hefðbundnu og þjóðlegu kvennareyfinga. Kvennarettindakonur töldu margar að fyrst konur væru í eðli sínu svona góðar, þá byrti ekki að setja reglur um lög og starfsemi hreyfinganna. Það var konum ekki eðilegt að misbeita valdi. Réttlætið og réttsýnin kæmu bara af sjálfum

sér. Þessi hugmynd hefur í sumum tilfellum leitt til hins andstæða: Grófrar misbeitingar á valdi. Meðferð Kvennalists á prófkjörsmálum í Reykjavíkurkjördæmi er einmitt gott dæmi um slíkt.

Hlutleysi og hlutlægni

Í viðtali við Morgunblaðið áfellið Guðný Guðbjörnsdóttir, alþingiskona Kvennalists, Sigríði Dúnu fyrir að vera ekki hlutlaus aðili því í greininni er fjallað um persónulega reynslu hennar. Eins og áður sagði er reynsla hennar aðeins eitt dæmi af fjórum, sem vitnað er til í greininni og hefði efni greinarinnar ekki breyst þótt því hefði verið sleppt.

Hlutleysi og hlutdrægni hafa löngum verið til umræðu innan hug- og raunvísinda og er það of langt mál í þessu samhengi að rekja bá umræðu. Ríkjandi skoðun er þó sú að hinn hlutlaus rannsakandi hafi aldrei verið og verði aldrei til. Persónuleg reynsla fræðimanna er oft og íðulega hvati og kveikja að fræðilegri umfjöllun innan hinna ýmsu fræðigreina. Það er hin mannlega löngun og ástíða að kafa dýpra og öðlast viðari skilning á atburðum og reynslu hins daglega lífs sem rekur fræðimenn til rannsókna. En það sem gerir fræðimennsku svo skemmtilega og spennandi er að maður veit aldrei hvert hún leidir og að hvaða niðurstöðum er komist.

Sem dæmi get ég nefnt mína eigin reynslu. Ekki datt mér í hug, begar ég hóf rannsóknir á konum sem giftust bandarískum hermönnum á stríðsárunum, að ég ætti eftir að verja miklu tímum í rannsóknir á hugmyndum íslenskra þjóðernishugsuða. Og allra síst hafði mér dottið í hug að tengsl væru á milli hugmynda þeirra um hina hreinu algóðu konu og móður og hugmynda kvennalists.

Hér sama er að segja um samstarf okkar Sigríðar Dúnu. Sem fræðimaður sa nún vitnega viðbrögð kvennalistakenna gagnvart henni voru ekki einstök. Aðrar kvennalistakonur höfðu sett svip-aðri meðferð, þótt ekki hafi það orðið að almæli í blöðum og manna og kvenna á milli. Hér var um að ræða viðbrögð og hegðunarmunstur, sem réðust af hugmyndum Kvennalists um hina sönnu kvennalistakonu. Og í greininni góðu í *European Journal of Women's Studies* fer fram fræðileg greining á þessu fyrirbæri. Umræðan um greinina, hefur hins vegar minnt meira á pólitískt dægurþras en fræðilega umræðu og er það miður.

Höfundur er mannfraeðingur.